

Fimmtudaginn 21. júní 1990.

Nr. 376/1989. **Baldur hf.**

(Jón Þorsteinsson hrl.)

gegn

Kværner Kulde A/S

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Fyrning. Aðild. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Starfsmaður stefnda framkvæmdi tiltekið verkefni í þágu áfrýjanda. Verkefni þetta var afmarkað og byggðist á sérþekkingu, er nefndur starfsmaður bjó yfir. Það virðist hafa verið þáttur í uppsetningu og tengingu lausfrystikerfis, er Traust hf. hafði selt áfrýjanda. Óljóst er af gögnum málsins, hvernig háttað var skiptum þessara aðila, að því er tók til verks þess, er starfsmaður stefnda vann, svo og, hvort eða hvernig það tengdist þeirri vinnu, er Traust hf. annaðist fyrir áfrýjanda. Þá er óvissa um, hvernig að samningi við stefnda um verkið var staðið, en fram kemur, að Traust hf. hafði a.m.k. einhverja milligöngu í því efni. Skortur á upplýsingum um þetta og sönnunarreglur leiða til þess, að fallist verður á það með héraðsdómara, að greiðsluskylda gagnvart stefnda vegna verks þess, er starfsmaður hans innti af hendi, hafi hvílt á áfrýjanda. Samkvæmt því var áfrýjanda réttilega stefnt til aðildar að málinu.

Ágreiningslaust er, að umrætt verk var unnið á tímabilinu frá 24. maí til 8. júní 1984 og að því hafi verið að fullu lokið þann dag. Fyrningarfrestur á kröfu stefnda er 4 ár samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna telst fyrningarfrestur frá þeim degi, er krafa varð gjaldkræf. Telja verður, að krafa stefnda hafi verið

gjaldkræf við verklok, þ.e. 8. júní 1984, enda hefur ekki verið sýnt fram á annan upphafstíma fyrningar samkvæmt samningi aðila eða viðskiptavenju, og ekki er fram komið, að um frekari viðskipti aðila hafi verið að ræða á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Stefna í málinu var birt 9. ágúst 1988. Þá voru liðin 4 ár og 2 mánuðir, frá því að krafa stefnda var gjaldkræf samkvæmt framan-sögðu. Hún var því fallin niður fyrir fyrningu, er málið var höfðað.

Samkvæmt því ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði falli niður. Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Baldur hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Kværner Kulda A/S, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi, Kværner Kulde A/S, greiði áfrýjanda, Baldri hf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál þetta snýst um verklaun fyrir vinnu, er stefndi lét í té við uppsetningu á tækjabúnaði í frystihúsi áfrýjanda í tengslum við kaup áfrýjanda á lausfrystitækjum frá Trausti h.f samkvæmt samningi við þann aðila. Laut vinnan að þeim búnaði, er tengdi lausfrystitækin við kælikerfi hússins, og hafði Traust hf. keypt hann frá stefnda til afhendingar samkvæmt samningnum. Skeytaskipti frá verktímanum gefa til kynna, að samið hafi verið sérstaklega um vinnuna við stefnda, eftir að kaup höfðu verið fest á búnaðinum, og að verð stefnda á vinnunni hafi verið borið undir áfrýjanda til samþykktar, áður en á henni var byrjað. Þá virðist og ljóst, að samsetning þessa búnaðar annars staðar en í frystihúsinu sjálfu hafi aldrei komið til greina. Með tilliti til þessa og annarra atvika ber að fallast á það með héraðsdómara, að áfrýjandi hafi ekki sannað, að greiðsla fyrir vinnu stefnda hafi átt að vera innifalin í umsömdu

kaupverði til Trausts hf. eða annar en áfrýjandi átt að standa skil á henni.

Verk stefnda var unnið í reikningsvinnu eftir tímatöxtum, sem um var samið, án þess að á væri kveðið um greiðslutilhögun. Eðlilegt var samkvæmt því, sem fyrr var rakið, að greitt yrði fyrir verkið eftir lok uppsetningarvinnunnar, þegar stefndi hefði framvísað reikningi, eftir að starfsmaður hans hefði skilað skýrslu um vinnutímann og hún eftir atvikum verið borin undir áfrýjanda. Krafa stefnda gat þó talist gjaldkræf í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 þegar við lok verksins, og er ekki unnt að miða upphaf fyrningar á kröfunni við annað tímamark, eins og reikningsgerð var háttað milli aðila. Með vísan til þessa og þeirra forsendna, sem fram koma í atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur þeirri niðurstöðu, að krafan sé fyrnd. Eftir öllum atvikum tel ég hins vegar, að málskostnaður eigi að falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. maí 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 10. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 9. ágúst 1988.

Stefnandi er Kværner Kulde A/S, Jongsásvn. 4, Sandvika, Noregi.

Stefndi er Baldur hf., Hrannargötu 4 - 4A, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum norskar kr. 19.461,00 með 10% ársvöxtum frá 13.8. 1984 til 14.4. 1987, 12,9% frá þ.d. til 21.10. s.á., en 15% frá þ.d. til stefnubirtingardags 9.8. 1988, en með dráttarvöxtum skv. 11. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 13.8. 1985, í samræmi við 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda.

I.

Stefnandi kveður málsatvik þau, að hin umstefnda skuld sé skv. reikningi frá stefnanda til stefnda dags. 13.8. 1984, að fjárhæð norskar kr. 19.461,00, er stafi af kaupum stefnda á þjónustu hjá stefnanda. Reikningurinn sé fyrir uppsetningu á dælubúnaði frá 24. maí til 8. júní 1984. Verkið hafi unnið starfsmaður stefnanda, Odd Næssen að nafni, og hafi verkið tekið 45,5 tíma í dagvinnu, 20 tíma í eftirvinnu og 16 tíma í helgidagavinnu, eins og sundurliðað sé í reikningi stefnanda, auk ferðakostnaðar.

Aðdragandi þessa hafi verið sá, að stefndi, Baldur hf., hafi keypt lausfrystitæki með ýmsum fylgibúnaði af Trausti hf. með kaupsamningi gerðum 16. janúar 1984. Í kaupunum hafi verið m.a. „1 stk. búnaður sem þarf til breytingar á núverandi kælikerfi til tengingar við lausfrysti, þ.e. ammoníakdæla, lokar, skiljukútur og allt annað nauðsynlegt til að lausfrystirinn vinni rétt. Verð kr. 468.000“, eins og tilgreint var í samningi þessum. Þessa sérstöku hluti keypti Traust hf. frá framleiðanda þeirra, Kværner Kulde A/S í Noregi, og endurseldi Baldri hf.

Allt hið keypta hafi Traust hf. átt að afhenda Baldri hf. hér í Reykjavík samkvæmt samningnum. Ekkert ákvæði hafi verið í samningnum um uppsetningu og tengingu þessara tækja, en upplýst sé, að þrátt fyrir það hafi Traust hf. sett tækin upp hjá stefnda.

Starfsmaður stefnanda, Odd Næssen, hafi verið staddur á Suðurnesjum á þessum tíma og annast uppsetningar-, viðgerðar- og varahlutabjónustu stefnanda við viðskiptamenn sína. Að ábendingu Trausts hf. hafi forsvarsmaður Baldurs hf. farið til þessa manns og fengið hann til þeirra til þess að tengja viðkomandi tæki, og það hafi hann gert og tilkynnt stefnanda um verk sitt, sem hafi sent reikninginn fyrir það. Stefnandi hafi sent Trausti hf. reikninginn til innheimtu, en síðar hafi gerst þau mistök, að Traust hf. hafi verið kafið um greiðslu reikningsins.

Málsástæður stefnanda séu þær, að með milligöngu Trausts hf. hafi komist á samningur milli málsaðila um, að starfsmaður stefnanda annaðist uppsetningu og tengingu tækja þeirra, sem frá stefnanda stöfuðu. Verk þetta hafi verið unnið í þágu stefnda. Fyrir þessa þjónustu stefnanda hafi átt að greiða, og hafi stefndi mátt vita, að hann þyrfti að greiða fyrir hana, enda hafi samningur hans við Traust hf. ekki tekið til vinnu við uppsetningu eða tengingu tækja og því ekki liður í skyldum Trausts hf. gagnvart honum. Stefndi beri sönnunarbyrði um, að annar en hann eigi að greiða fyrir verkið, og sú sönnun hafi ekki tekist. Krafan samkvæmt framlögðum reikningi sé ófyrnd, þar sem krafa verði gjaldkræf við útgáfu reiknings, sem hafi verið 13.8. 1984, en stefnubirting hafi verið 9.8. 1988.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því, að krafan sé fyrnd. 4 ára fyrning sé á slíkum kröfum, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, og teljist fresturinn frá þeim degi, er krafan varð gjaldkræf. Telja verði, að krafan hafi orðið gjaldkræf við lok þess verks, sem unnið var hinn 8. júní 1984, eða í síðasta lagi í lok þess mánaðar, og hæfist fyrningarfrestur þá 1. júlí 1984. Stefnan hafi hins vegar verið birt hinn 9. ágúst 1988.

Verði ekki á fyrningu fallist, byggir stefndi á aðildarskorti. Það hafi verið Traust hf., sem beðið hafi um vinnu þessa, sem hafi verið liður í að upp-

fylla skyldu Trausts hf. við Baldur hf. samkvæmt kaupsamningi þeirra um lausfrystitæki og fleira, sem gerður hafi verið 16. janúar 1984. Krafa þessi sé Baldri h.f. því óviðkomandi, enda hafi stefnandi stílað reikning sinn til Trausts hf. frá upphafi, og Traust hf. hafi í dómsmáli hér fyrir bæjarþinginu, þ.e. máli nr. 1093/1987: Baldur hf. gegn Trausti hf., gert þá kröfu í gagnsök, að Baldur hf. greiddi sér þessa kröfu, sem Traust hf. hafi þá væntanlega verið búið að greiða. Dómurinn, sem kveðinn hafi verið upp 1. júní 1988, hafi ekki tekið á því sérstaklega.

Stefndi bendir á, að ekki sé upplýst, hver hafi ráðið Odd Næssen til starfans, en hins vegar sé upplýst með framburði forsvarsmanna stefnda, að stefndi hafi ekki ráðið hann. Upplýst sé, að starf hans hafi verið að tengja sogkúta og þess háttar tæki við tæki þau, sem fyrir hafi verið hjá stefnda, Tæki þessi hafi verið keypt af Trausti hf. með samsetningu innifalinni, og stefndi hafi ekkert greitt fyrir samsetninguna og ekki verið krafinn fyrir slíkt. 3 - 4 menn frá Trausti hf. hafi unnið að jafnaði á þessum tíma hjá stefnda við samsetningu tækjanna, og í ofangreindum dómi bæjarþingsins frá 1. júní 1988 hafi Traust hf. verið dæmt til að greiða Baldri hf. fæðis-kostnað þessara manna, sem hafi verið Baldri hf. óviðkomandi.

Stefndi bendir á, að stefnandi reyni að byggja á því, að Traust hf. hafi haft umboð til þess að ráða starfsmann stefnanda til starfa hjá stefnda, Baldri h.f. Því sé mótmælt, að Traust hf. hafi haft slíkt umboð, og það sé ósannað.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnda kröfu um málskostnað og mótmælti upphafstíma vaxtakröfu stefnanda. Lögmaður stefnanda mótmælti hvoru tveggja sem of seint fram komnu.

III.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er með aðilum máls þessa, að starfsmaður stefnanda hafi unnið í þágu stefnda við uppsetningu og tengingu sérstakra tækja, sem tengdu lausfrystitæki við frystikerfi það, sem fyrir var hjá stefnda, og að starfsmaður þessi hafi verið sérstaklega fenginn til starfans sem sérfróður og að fyrir starf hans þyrfti að greiða sérstaklega samkvæmt fyrir fram gefnum texta stefnanda. Reikningur stefnanda fyrir starfið, byggður á texta þessum, liggur fyrir í málinu og hefur ekki verið andmælt. Krafa samkvæmt reikningi þessum er ekki fyrnd, þar sem hann er dagsettur 13. ágúst 1984, en stefna var birt 9. ágúst 1988.

Upplýst er, að Traust hf. hafi haft milligöngu um, að starfsmaður stefnanda yrði fenginn til þessa starfa. Einnig er upplýst, að forsvarsmáður stefnda hafi farið á fund mannsins og þar hafi verið ákveðið, hvenær hann hæfi starfið. Fyrir liggja í máli þessu símskeyti milli Trausts hf. og stefn-

anda um að fá manninn til starfars og hvað það kostaði, þannig að forsvarsmaður stefnanda hefur ekki þurft að semja um ráðninguna. Telja verður því, að ráðningin hafi verið gerð af Trausti hf. fyrir stefnda, Baldur hf., og að forsvarsmanni Baldurs hf. hafi verið ljóst, að svo hafi verið.

Telja verður nægilega upplýst í málinu, að verk það, sem starfsmaður stefnanda vann fyrir stefnda, hafi verið það sérgreint, að stefndi hafi ekki mátt án frekari samningsumleitana ganga út frá því sem vísu, að það væri hluti af samningsskyldum Trausts hf. gagnvart sér samkvæmt samningi þeim, sem gerður var 16. janúar 1984 og getið er um hér að framan. Þegar þetta er virt, ber að fallast á með stefnanda, að stefnda beri að sanna, að annar en hann eigi að greiða reikning stefnanda fyrir verkið. Stefndi hefur ekki sannað, að Traust hf. hafi átt að greiða fyrir verk þetta eða annar, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 60.000,00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Baldur hf., greiði stefnanda, Kværner Kulde A/S, norskar kr. 19.461,00 með 10% ársvöxtum frá 13.8. 1984 til 14.4. 1987, 12,9% frá þeim degi til 21.10. s.á., 15% frá þeim degi til 9.8. 1988, en með dráttarvöxtum skv. 11. gr. vaxtalaga frá þ.d. til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13.8. 1985, og kr. 60.000,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.
